

Rad-Sure™  
gerð XR 15 Gy og gerð XR 25 Gy  
Geislunarvísir fyrir blóð  
Notkunarleiddbeiningar  
Endursk. 04: Apríl 2018

Þegar Rad-Sure gerð XR 15 Gy og gerð XR 25 Gy vísar eru settir á blóðafurðir sýna þeir hvort þær hafi verið geislaðar. Áður en blóðafurð og áfestur vísir eru geisluð sýnir vísirinn „NOT IRRADIATED“ (EKKI GEISLAÐ). Eftir að blóðafurð og áfestur vísir hafa verið geisluð hverfur orðið „NOT“ (EKKI) á vísinum og þess í stað stendur „IRRADIATED“ (GEISLAÐ).

Rad-Sure XR vísa á aðeins að nota með röntgengeislatækjum sem notast við röntgengeisla sem búnir eru til með 160kVp lindum og síaðir eru í gegnum 0,38 mm af kopar, eða 150kVp lindum sem síaðir eru í gegnum 1 mm af áli. Ef Rad-Sure gerð XR vísar eru notaðir með öðrum lindum röntgengeisla en þeim orkulindum sem tilgreindar eru, getur verið að geislanæma filman í glugganum dekkist ekki að fullu þegar geislað er með lægsta skammti og þá getur verið að orðið „NOT“ (EKKI) sjáist áfram.

Ath.: Rad-Sure XR vísar gefa aðeins til kynna að geislun hafi átt sér stað. Þeir mæla ekki skammtinn frá geislatæki. Rad-Sure XR vísa á aðeins að nota með röntgengeislatækjum sem starfa rétt og eru rétt stillt. En vegna mismunandi lýsingar, lotanúmera og sjónar notanda, kunna Rad-Sure XR vísar að sýnast algerlega ógegnsær jafnvel eftir útsetningu sem nemur minna en lágmarksskammti fyrir vöruna. Því má aldrei nota Rad-Sure XR vísa til að stilla geislatæki.

1. Ekki skal útsetja fyrir 50°C (122°F)-Forðastu að hafa lengi við hátt hitastig.
2. Taktu blað af Rad-Sure™ XR vísunum úr öskjunni. Leitaðu að orðinu „NOT“ (EKKI) í glugga hvers vísis. Ekki má nota vísinn nema að orðið „NOT“ sjáist greinilega (sjá mynd 1a).
3. Gættu að fyrningardagsetningu vörunnar sem fram kemur á vísinum. Ef varan er komin fram yfir fyrningardagsetningu má ekki nota vísinn.
4. Skráðu dagsetningu og upphafsstafi notanda í þar til gerða reiti á vísinum.
5. Flettu bakhliðinni af vísinum með því að beygja blaðið. Varastu að snerta límlagið með gúmmíhönskum. Settu vísinn þétt á viðeigandi, hreinan og þurrar stað á blóðeininguna áður en hún er geisluð.
6. Geislaðu blóðeininguna með áfestum vísinum í röntgengeislatæki við eða yfir ráðlögðum lágmarksskammti.
7. Eftir geislun skal athuga á vísinum hvort glugginn sé svartur og hylji orðið „NOT“ (EKKI). Á vísinum á nú að standa „IRRADIATED“ (GEISLAÐ) (sjá mynd 1b). Ef orðið „NOT“ (EKKI) sést ennþá skal láta umsjónarmann vita tafarlaust.
8. Settu þá vísa sem eftir eru aftur í öskjuna og lokaðu henni til að koma í veg fyrir að vísarnir verði útsettir fyrir sól eða útfjólubláu ljósi um lengri tíma. Ekki nota vísana í örbylgjuofnum.
9. Geymdu vísana við eða undir 25°C. Geymdu fjarri öllum geislunar lindum, þar með töldum gammageislum, röntgengeislum, rafeindatækjum og örbylgjum.

10. Rad-Sure XR vísur má farga með hættulausum úrgangi þegar þeir eru ekki á pokum með hættulegum úrgangi. Geymsluþol Rad-Sure XR vísa er 36 mánuðir frá framleiðsludegi.

Fyrirvari

Þær upplýsingar sem fram koma hér eru taldar áreiðanlegar en skulu ekki teljast staðhæfing, ábyrgð eða trygging og eru viðskiptavinir hvattir til gera eigin prófanir. Engin meðmæli eða heimild er gefin í skyn sem brýtur gegn neinum einkaleyfum eða öðrum eignarrétti og Ashland Specialty Ingredients G.P. ber enga ábyrgð á neinu slíku broti.

Rad-Sure er skráð vörumerki Ashland  
Einkaleyfi í BNA númer 7445880

Ashland Specialty Ingredients G.P.  
1005 Rt. 202/206  
Bridgewater, NJ 08807  
BNA

Til að panta aftur innan BNA skal senda tölvupóst til [AdvancedOrders@Ashland.com](mailto:AdvancedOrders@Ashland.com)

Til að fá þjónustu eða upplýsingar í BNA skal senda tölvupóst til: [AdvancedMaterials@Ashland.com](mailto:AdvancedMaterials@Ashland.com)

Til að fá þjónustu eða upplýsingar utan BNA skal hafa samband við dreifingaraðila á staðnum. Til að finna hver er dreifingaraðili á staðnum skal hafa samband við: [AdvancedMaterials@Ashland.com](mailto:AdvancedMaterials@Ashland.com)


Skráð hjá matvæla- og lyfjaeftirliti BNA (FDA)

## product list

product	product code
rad-sure™ XR 15 Gy blood irradiation indicators	831396
rad-sure™ XR 25 Gy blood irradiation indicators	831398







Mynd 1a



Mynd 1b

Rad-Sure™ XR irradiation indicators before and after irradiation

Tákn	Heiti tákns
	Lotukóði
	Síðasti notkunardagur
	Framleiðandi
	Einnota